



Reykjavík, 12. ágúst 2024
MSS24060023

Borgarráð

Samningur Reykjavíkurborgar við Samtökin '78

Lagt er til að borgarráð samþykki meðfylgjandi endurnýjaðan samning við Samtökin '78. Samningurinn var undirritaður með fyrirvara um samþykki borgarráðs þann 23. júlí sl. og gildir til 31. maí 2025. Heildarkostnaður vegna samningsins er samtals kr. 8.905.400,- og verður kostnaður greiddur af kostnaðarstað 09510, ýmsar samningsbundnar greiðslur. Meðfylgjandi er einnig umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs um samninginn.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Samningur Reykjavíkurborgar við Samtökin '78, dags. 23. júlí 2024.

Umsögn FAS um samning Reykjavíkurborgar við Samtökin '78.



Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609 Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík, í samningi þessum nefnd *þjónustukaupi* og Samtökin '78, kt. 450179-0439, Suðurgötu 3, 101 Reykjavík, í samningi þessum nefnd *þjónustusali*, gera með sér svohljóðandi;

Samning

um hinseginfræðslu og þjónustu við samkynhneigða, tvíkynhneigða, pankynhneigða, eikynhneigða, intersex og trans fólk, hér eftir sameiginlega nefnt *hinsegin fólk*.

Markmið Samtakanna '78 er að vinna að sýnileika og viðurkenningu hinsegin fólks og berjast fyrir því að það njóti fyllstu réttinda í íslensku samfélagi. Samtökin leitast við að breyta fordómum, hroka og andúð í garð hinsegin fólks í viðurkenningu, sátt og mannvirðingu. Samtökin sérhæfa sig í að sinna þörfum hinsegin fólks og aðstandenda þess, m.a. með því að veita ráðgjöf og stuðning, skapa því félags- og menningarlegan vettvang, styrkja sjálfsvitund þess og samkennd, berjast fyrir réttindum þess og standa fyrir fræðslu um reynslu þess og sérstöðu.

1. gr.

Hinseginfræðsla

Hlutverk þjónustusala:

Hlutverk þjónustusala er að skipuleggja og framkvæma fræðslufundi um hinsegin fólk og hinsegin málefni. Þjónustusali skal útbúa fræðslurnar með þeim hætti að þær þjóni starfsemi og þörfum þess sem hlýtur fræðsluna hverju sinni.

Fræðsla til starfsfólks í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar:

Þjónustusali skuldbindur sig til að bjóða fram með skipulegum hætti og veita starfsfólki í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar fræðslu. Sú fræðsla er hluti af regnbogavottun Reykjavíkurborgar og snýr að grunnfræðslu um hinsegin málefni. Þjónustusali skilgreinir þarfir og markmið fræðslustarfs í samvinnu við Jafnréttisskóla Reykjavíkur og Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar.

Kostnaður:

Grunnskólar Reykjavíkurborgar eru 43 talsins. Hver fræðsla til starfsfólks í skóla- og frístundastarfi er að lágmarki tvær klukkustundir. Hámark fjölda í hverri fræðslu er 30. Þjónustukaupi greiðir kr. 57.800.- fyrir fræðsluerindi eða samtals kr. 2.485.400.- fyrir 43. erindi.

KG

Fræðsla til barna og ungmenna í grunnskólum og frístundastarfi Reykjavíkurborgar:

Þjónustusali skuldbindur sig til að veita börnum og ungmennum í grunnskólum og frístundastarfi Reykjavíkurborgar fræðslu. Fræðslan skal veitt til nemenda í 6. og 9. bekk grunnskóla. Þjónustusali skilgreinir þarfir og markmið fræðslustarfs í samvinnu við Jafnréttisskóla Reykjavíkur og Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar. Fræðslan skal fara fram einu sinni á ári í hverjum grunnskóla fyrir sig.

Kostnaður:

Hver fræðsla til nemenda kostar 24.900.- Miðað er við 110 fræðslur ári miðað við 30 nemendur í hóp. Þjónustukaupi greiðir fyrir þessi fræðsluerindi samtals kr. 2.790.000.-

Markmið:

Að gera skóla- og frístundastarf Reykjavíkurborgar laust við fordóma og mismunun í garð hinsegin nemenda og starfsfólks. Að upplýsa starfsfólk og nemendur um málefni og hugtök tengd hinsegin fólki.

Fræðsla fyrir hverfisfélög innan Íþróttabandalags Reykjavíkur:

Þjónustusali skuldbindur sig til að bjóða fram og veita fræðslufundi fyrir starfsfólk og sjálfboðaliða hverfisfélaga innan Íþróttabandalags Reykjavíkur. Þjónustusali skilgreinir þarfir og markmið fræðslustarfs í samvinnu við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar. Hvert hverfisfélag innan ÍBR skal fá hinseginfræðslu einu sinni á ári á samningstímanum og skal fræðslan unnin í samráði við ÍBR.

Kostnaður:

Hver fræðsla til hverfisfélags er að lágmarki tvær klukkustundir. Þjónustukaupi greiðir kr. 70.000.- fyrir fræðslu samtals kr. 630.000.-

Markmið:

Að gera íþróttafélög innan Íþróttabandalags Reykjavíkur hinseginvænni sem og að veita hinsegin börnum og ungmennum tækifæri til að stunda íþróttir án beinna og óbeinna fordóma og mismununar vegna hinseginleika.

2. gr.

Félags- og ráðgjafarþjónusta

Hlutverk þjónustusala

Þjónustusali skal tryggja að menntaðir ráðgjafar séu starfandi fyrir þjónustusala og sinna stuðningsviðtölum fyrir hinsegin fólk á öllum aldri og aðstandendum þeirra. Þjónustan skal m.a. taka mið af sérstöðu hinsegin fólks. Viðtölin fara fram í húsnaði þjónustusala. Með samningi þessum skuldbindur þjónustusali sig til að veita þjónustuna endurgjaldslaust.

Markmið:

Að hinsegin fólki standi til boða félags- og ráðgjafabjónusta frá fagfólki með sérþekkingu á málefnum hinsegin fólks.

Þjónustukaupi greiðir framlag vegna ráðgjafabjónustu sem þjónustusali veitir, kr. 3.000.000.-

**3. gr.
Útborgun**

Árið 2024: Í nóvember koma til útborgunar kr. 4.452.700.-

Árið 2025: Í mars koma til útborgunar kr. 4.452.700.-

**4. gr.
Úttekt á framkvæmd samningsins**

Samningur þessi gildir frá undirritun hans til 31. maí 2025 með áætlun um að semja þá að nýju til lengri tíma. Þjónustukaupi skal gera áætlun um framkvæmd og skipulag fræðslunnar, í samráði við þjónustusala, og skal hún liggja fyrir eigi síðar en í lok ágúst 2025.

Ef breytingar verða á samningstímanum á þeirri starfsemi þjónustusala, sem samið eru um í samningi þessum, skal þjónustusali tilkynna þjónustukaupa það þegar í stað. Bæði þjónustusala og þjónustukaupa er frjálst að óska eftir fundi til að fara nánar yfir framkvæmdina. Breytist forsendur samnings á samningstímanum geta bæði þjónustusali og þjónustukaupi boðað til fundar um framhald samningsins.

**5. gr.
Ársreikningar ásamt skýrslu um starfsemina**

Þjónustusali skal senda mannréttindastjóra Reykjavíkurborgar ársreikninga félagsins um leið og þeir liggja fyrir og eigi síðar en í maí ár hvert. Samhliða skal þjónustusali leggja fram greinargerð um framkvæmd á samningnum sem inniheldur m.a. tölfræði yfir fræðslur og ráðgjöf.

**6. gr.
Gildistími samnings**

Samningur þessi gildir frá undirritun hans og til 31. maí 2025 með áætlun um að semja þá að nýju til lengri tíma.

7. gr.
Uppsagnarákvæði

Ef verulegar vanefndir verða á samningi þessum er hvorum aðila heimilt að rifta honum með þriggja mánaða fyrirvara. Til verulegra vanefnda teljast meðal annarra brot á ákvæðum samnings þessa.

8. gr.
Framsal

Annar samningsaðilinn getur ekki án skriflegs samþykkis hins, framselt réttindi og skyldur sínar samkvæmt samningi þessum til þriðja aðila.

9. gr.
Breytingar á samningnum

Samningur þessi er lýsing á samningssambandi aðila, réttindum þeirra og skyldum og gengur framár fyrri skuldbindingum, munnlegum, skriflegum eða öðrum samskiptum. Viðbætur við samninginn skulu vera skriflegar og undirritaðar fyrir hönd beggja samningsaðila

10. gr.
Ýmis ákvæði

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um venjuleg Force Maejure tilvik sem aðilar fá ekki við ráðið og áhrif geta haft á framkvæmd samnings þessa.

Rísi mál vegna samnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, sitt handa hvorum aðila.

Öllu framangreindu til staðfestu rita forsvarsmenn aðila nöfn sín undir samning þennan.


Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki borgarráðs og með fyrirvara um fjárheimildir samkvæmt fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar.

Reykjavík, 23.07.2024

f.h Reykjavíkurborgar



f.h. Samtakanna '78
Samtökin '78 - félag hinsegin fólks
Suðurgötu 3 • 101 Reykjavík
Kennitala: 450179-0439



4



Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Reykjavík, 22. júlí 2024

MSS24060023

UMSÖGN

Samningur Reykjavíkurborgar við Samtökin 78

Óskað hefur verið eftir að fjármála- og áhættustýringarsvið taki til umsagnar tillögu mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu um endurnýjun á samningi Reykjavíkurborgar við Samtökin 78. Samkvæmt tillögu þá er heildarfjárhæð nýs samnings 8.905.400,- og verður kostnaður greiddur af kostnaðarstað 09510 Ýmsar samningsbundnar greiðslur. Þar af gjaldfærast árið 2024 kr. 4.452.700 og árið 2025 kr. 4.452.700. Gildistími samningsins verði til 31. maí 2025 með áætlun um að semja þá að nýju til lengri tíma.

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur yfirfarið gögn málsins. Eldri samningur dags. 16.12.2020 var til þriggja ára, þ.e. 2021, 2022 og 2023 að fjárhæð kr. 8.700.000 á ári. Árið 2022 var tekin ákvörðun um að skóla- og frístundasvið tæki við rekstri Hinsegin félagsmiðstöðvar en skv. samningnum skyldu kr. 3.700.000 renna til þeirrar starfsemi. Var fjármagn flutt af kostn.st. 09510 Ýmsum samningsbundnum greiðslum til skóla- og frístundasviðs og greiðslur til Samtakanna 78 lækkaðar til samræmis niður í kr. 5.000.000 árin 2022 og 2023. Fjárheimildir til reksturs Hinsegin félagsmiðstöðva voru fluttar til skóla- og frístundasviðs varanlega. Fjárheimildir á miðlægum lið ýmissa samningsbundinna greiðslna nema því kr. 5.000.000 og rúmast nýr samningur því innan fjárheimilda ársins 2024 og að óbreyttu árið 2025.

Virðingarfyllst,

Halldóra Káradóttir
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs



Reykjavík